



## 2022 – 2023



## Efnisyfirlit

|                                                               |           |
|---------------------------------------------------------------|-----------|
| Leiðarljós leikskólans .....                                  | 3         |
| 1 Greinargerð leikskólastjóra .....                           | 3         |
| 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022 .....         | 5         |
| 3 Innra mat Dvergaberg .....                                  | 14        |
| 4 Innra mat Álfasteinn .....                                  | 16        |
| 5 Innra mat Drekadyngja.....                                  | 18        |
| 6 Innra mat Tröllahellir.....                                 | 20        |
| 7 Innra mat Dísaskógur.....                                   | 23        |
| 8 Innra mat Skessuskot.....                                   | 25        |
| 9 Innra mat Hulduhóll .....                                   | 27        |
| 10 Innra mat sérkenntu .....                                  | 29        |
| 11 Innra mat – fjöltyngd börn.....                            | 29        |
| 12 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....                       | 31        |
| 13 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ..... | 32        |
| 14 Foreldrasamvinna .....                                     | 32        |
| 15 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....                   | 32        |
| 16 Fylgigögn .....                                            | 32        |
| <b>16.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....</b>          | <b>32</b> |



# Leiðarljós leikskólans

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Árið 2021 héldu framkvæmdir áfram á Mánagarði, við erum eiginlega farin að þrá framkvæmdalaust ár! En nú var komið að leikskólalóðinni og í júní var loksins ráðist í að taka hana í gegn enda engin vanþörf á. Hér hefur verið lítið viðhald og starfsfólk séð um að taka garðinn í gegn á starfsdegi að vori. Þá höfum við málað öll leiktækin, sem hafa nánast hangið saman á málningunni einni saman, gert stafrófsorm, slönguspil, þrautabrautir og annað skemmtilegt á stéttina, gert útielldhús og margt fleira. Þetta hefur alltaf verið skemmtilegur dagur, gott hópefli og öll virk og nýta sína styrkleika. Við höfðum engan garð fyrir yngstu börnin sem við fórum að taka inn við stækkun Mánagarðs árið 2018 og því voru þetta kærkomnar endurbætur, þrátt fyrir að við yrðum garðlaus í margar vikur.

Í byrjun júní var hafist handa og eldri deildirnar skipulögðu ferðir út fyrir garðinn, yngri gátu notað það litla sem við höfðum af garðinum auk þess sem við keyptum kerrur til að auðvelda ferðir út fyrir garðinn. Hér komu gröfur og allskonar tæki og börnin fylgdust spennt með gröfunum taka allt úr garðinum, og biðu spennt eftir að næsti vörubíll kæmi með nýja dótið.

Við fórum svo í sumarfrí í júlí og þegar við komum til baka hafði margt gerst en leiktækin komu tveimur vikum seinna en áætlað var og því dróst allt á langinn. Það var því nokkuð strembin aðlögun þar sem við höfðum um 10% af garðinum fyrir 127 börn!

Aðlögunin gekk vel á eldri deildum en það var nokkuð um grátur á yngri deildum og viljum við meina að það séu afleiðingar Covid. Þetta eru börn sem hafa verið mikið heima og mikið bara með nánustu fjölskyldu, ekki verið mikið í pössun eða að heimsækja annað fólk og því ekki von þessum aðstæðum. Við sjáum mikinn mun á milli ára.

Allt hefst þetta á endanum, börnin hættu að gráta, við fengum sandkassa og þann 6.september opnaði loks garðurinn fyrir yngri börnin með brunabíl, kastala, rólum, sandkassa, litríku gervigrasi og gúmmímottum. Það var mikill gleðidagur. Við þurftum aðeins að bíða eftir að garðurinn fyrir eldri börnin opnaði en stór hluti hans opnaði 30.september, þá var aðeins sandkassinn ókláraður.

Það fóru nokkrir starfsmenn í langtímaveikindi vorið og sumar 2021. Auk þess fóru mörg í nám og því auglýstum við eftir starfsfólki og byrjuðum að fá fólk í viðtöl í lok júlí og vorum enn að taka viðtöl í byrjun september. Þá höfðum við fengið um 30 manns í viðtöl og ráðið 12.

Það hættu um 55 börn á Mánagarði sumarið/haustið 2021 og því komu jafnmargir nýir nemendur inn. Aðlögun átti að vera að mestu lokið um miðjan september en þá fengu nokkur börn boð í hverfisleikskólana sína og vorum við því enn að aðlaga börn og nýtt starfsfólk frá ágúst og fram í nóvember.

Starfsdagar í september og október voru tileinkaðir HighScope. Íris Dögg Jóhannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri og HighScope kennari var með HighScope nýliðanámskeið fyrir nýja starfsfólkið í september og októbernámskeiðið fjallaði um ýmsa þætti dagskipulagsins.

Við fórum svo öll á skyndihjálparnámskeið í nóvember og aðrir starfsdagar fóru í deildarvinnu.

Í septemberlok og októberbyrjun var mjög mikið um veikindi starfsfólks og það má segja að þannig hafi það verið allt þar til Covid náði í skottið á okkur í byrjun janúar. Þá vorum við bara eins og domínokubbar sem féllu hver á fætur öðrum og þetta ástand varði þar til um miðjan mars. Þá vorum við flest búin að fá þessa veiru.

Jólaskemmtunin er eitt af því jákvæða sem við tókum með okkur úr covid. Við fengum 3 jólasveina, einn í hvert stóttvarnarhólf og því fengu börn, kennarar og jólasveinar að njóta miklu betur en þegar við höfum verið öll saman. Meira að segja jólasveinarnir nefndu hvað það hefði verið rólegt og gott og yfirvegað að koma hingað. Svo þessi breyting er komin til að vera.

Aðventukaffið var án foreldra sem og sumarhátíðin okkar.

Foreldraviðtölin voru í maí og júní í stað febrúar vegna Covid og mikilla veikinda.

Útskrift elstu barnanna var og verður í lok júní.

Mánagarður kom vel út úr HR monitor starfsmannakönnuninni sem fór fram í vor.

Við förum árlega á bókamarkaðinn og bætum við bókakostinn okkar, þá kaupir hver deild bækur fyrir 25.000 kr. Við höfum verið að leggja áherslu á bækur sem endurspeglar fjölmenningu og erum enn að því.

Okkar leiðarljós inn í næsta haust og vetur er enn og aftur að efla og þetta starfsmannahópin þar sem það stefnir enn og aftur í nokkra starfsmannaveltu og sumir hér eru bara að kynnast eftir að hafa verið aðskilin í covid.

Það er okkar stærsta áskorun á svona stórum leikskóla með nokkuð mikla starfsmannaveltu.

## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Leikskólinn Mánagarður hefur starfað eftir bandarísku stefnunni HighScope frá árinu 2008, en hún byggir á langtímarannsóknum. Það er mikill samhljómur með HighScope og Aðalnámskrá leikskóla. Íris Dögg Jóhannesdóttir, aðstoðarleikskólastjóri er menntaður HighScope kennari og þjálfari og sér hún um að þjálfa starfsfólk Mánagarðs í að starfa eftir stefnunni.

Workplace síðan hefur reynst ágætur vettvangur í þessu covid- ástandi þar sem Íris hefur sett inn fræðsluefni tengt HighScope.

Íris gerði innra mat (PQA – Preschool Quality Assessment – matskvarði frá HighScope) á námsumhverfi á öllum deildum í vetur. Það er gert með skráningu, athugunum og samtölum. Það komu fram ýmsir styrkleikar en einnig tækifæri til umbóta, margt af því er auðvelt að bæta.

Við erum alltaf að leggja áherslu á orðræðuna því við tökum eftir því að það reynist nýju fólki áskorun en því orðræðan í HighScope er ólík því sem fólk á að venjast og það tekur nýtt starfsfólk tíma og þjálfun til að tileinka sér hana. Það er áhugvert að fylgjast með þeirri þróun þar sem fólk talar um að það tileinki sér þessa orðræðu almennt í lífinu, þetta er ekki bara 8:00-16:00 orðræða og starfsfólk talar um að HighScope stefnan sé mannbætandi og geri samskipti þeirra við aðra innihaldsríkari þar sem virðing, virk hlustun, viðurkenning á líðan, skoðunum og tilfinningum annarra eru höfð að leiðarljósi í samskiptum.

Vinna við myndbandsgerð og upptöku fyrirlestra er langt á veg komin og höfum við nýtt Workplace til að deila allskonar HighScope efni sem og loðtöflusögum og öðru efni innanhúss.

Elstu deildirnar hafa verið að efla og auka fjölmennningarlegan efnivið og yngri deildir að gera námsumhverfið fjölbreyttara og áhugaverðara með áhuga barnanna á deildinni í huga.

## Innra mat

Við notum Preschool Quality Assessment – PQA lista frá HighScope til að meta okkar innra starf. Það er listi með kvörðunum 1-3-5 og hann tekur á námsumhverfi barna, dagskipulagi, samskiptum kennara og barna, áætlanagerð og matsaðferðum.

Íris, HighScope kennari og þjálfari sér um að gera þetta mat. Hún fer á deildir, metur út frá listanum og með athugunum og viðtölum við starfsfólk deilda eftir þörfum. Skorið er svo lagt saman og fengið heildarskor deilda.

Ákveðið var að taka bara námsumhverfið fyrir í ár, sá kafli tekur á t.d. plássi fyrir leik, öryggi og aðbúnaði, lofræstingu og lýsingu, flóttááætlunum, svæðum, efnivið, merkingum, húsbúnaði, útisvæði, flokkun efniviðs, fjölmenningu/menningu, sýnileika á verkum barnanna í umhverfinu og að umhverfið endurspegli áhuga barnanna.

Íris fór á hverja deild, fór yfir öll svæði, allar merkingar, allan efnivið (flokka efnivið eftir efni; plast, tré, málmur, gúmmí, osfrv....), lýsingar, lofræstingu og allt ofantalið.

Hér var skipt um öll ljós á yngri gangi 2020, eldri álman er frá 2018 og þar er allt nýtt svo hér að neðan eru taldir upp þeir þættir sem þurfa mesta athygli næsta vetur, þættir sem eru í okkar höndum og nokkuð auðvelt að bæta.

| Hvað var metið?                               | Hvernig fór matið fram?    | Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)                                                                              | Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)                                                                                                                                                                                                                                |
|-----------------------------------------------|----------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Efniviður á svæðum er merktur og aðgengilegur | Með PQA lista og athugunum | Íris, starfsfólk deildanna, börn á eldri deildum (fóru yfir merkingar með Íris og bentu á hvað vantaði og hvað mætti laga – að fyrra bragði ) | Margar merkingar voru úreltar, rifnar og áttu ekki við lengur.<br><br>Starfdagur fór í að endurgera, safna frumritum og geyma svo auðvelt og fljótlegt sé að laga ef það rifnar.<br><br>Það eiga að vera 6 tegundir merkinga á svæðum, því var víða ábótavant – erfitt að nálgast myndir úr |



|                                                                                     |                  |                               |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------|-------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                                                                     |                  |                               | bæklingum þar sem flest allt er komið á netið.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                             |
| <b>Efniviður endurspeglar fjölbreytileika og menningu barna/kennara á deildinni</b> | PQA og athuganir | Íris og allar deildar         | <p>Hér skorum við alltaf lágt, deildarnar endurspegla eiginlega enga menningu þannig séð.</p> <p>Elsta deildin pantaði risastórt heimskort (límmiða) og settu myndir af börnum sem koma frá öðrum löndum, og fánana þeirra.</p> <p>Þá gaf jólasveinninn elstu deildinni kassa af allskonar fjölmennningarlegum raunverulegum hlutum úr Góða hirðinum sem hægt er að nýta í leik á ólíkum svæðum (brúður, askar, diskar, ausur, skeiðar, veggmyndir osfrv...)</p> <p>Allar deildir eiga fjölmennningarlegar dúkkur, lego, fólk af ólíku þjóðerni</p> <p>Aðrar deildir þurfa að vinna í þessu – það er á dagskrá í vetur</p> |
| <b>Verk barnanna sýnileg</b>                                                        | PQA og athuganir | Íris og allar deildir, börnin | <p>Öll börn eiga bakka og setja flest verkin sín þangað vegna þess að það er ekki beint staður eða</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |



|                  |                                                                                   |                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
|------------------|-----------------------------------------------------------------------------------|----------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                  |                                                                                   |                      | <p>þeim boðið að hengja þær upp.</p> <p>Það er alltof mikið af kennaragerðu efni á veggjunum (dagskipulag, afmælislest, bókstafir, form osfrv....svo það er of lítið pláss fyrir verk barnanna ef þau myndu vilja hengja þau upp.</p>                                                    |
| <b>Leikpláss</b> | <p>PQA</p> <p>Tókum þátt í verkefni þar sem verið var að mæla leikpláss barna</p> | Íris, Soffía, Hörður | <p>Hörður kom að mæla og af öllum þeim leikskólum sem hann hafði farið á vorum við með mesta leikplássið.</p> <p>Góð uppröðun á húsgögnum og nýting á plássi á deildum.</p>                                                                                                              |
| <b>Svæði</b>     | PQA, athuganir                                                                    | Íris, allar deildir  | <p>Allar deildirnar eru með aðskilin svæði og raðað upp eftir HighScope.</p> <p>Listasvæði á yngstu deildunum er oftast tóm, allur efniviður hátt uppi á hillu (eina svæðið sem er þannig) eða lokaður inni.</p> <p>Enginn efniviður aðgengilegur – það þarf að bæta úr því í vetur.</p> |

|          |                |                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
|----------|----------------|------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|          |                |                        | Öll önnur svæði vel búin, fjölbreyttur efniviður, nóg af efnivið, aðgengilegur.                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
| Útisvæði | PQA, athuganir | Íris , allt starfsfólk | <p>Útisvæðið var allt tekið í gegn sl. sumar og núna er það árgamalt og rétt að komast reynsla á hvernig börnin nýta það. Garðurinn er alltof lítill fyrir 127 börn enda gerður fyrir 68 börn svo það er svakalegur ágangur á hann. Yngri börnin eru með sérgarð en geta notað stóra garðinn líka til 10:30 þá koma eldri út. Þau geta þá líka notað litla garðinn (yngri farin inn að borða og hvílast).</p> <p>Einhver lenska sem er erfitt að breyta hér að það séu alltarf allir út eða allir inni – aldrei skipt þannig að það sé kannski helmingur út og helmingur inni og svo svissað.</p> <p>Alltof lítið um vettvangsferðir þrátt fyrir að við höfum frábært útisvæði allt um kring (holtið, fjöruna, græn svæði – Hljómskálagarður ofl)</p> |



|  |  |  |                                                                                                                                                |
|--|--|--|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  |  |  | Örugg, greitt og gott aðgengi út í garð, eldri deildir með sér útgang beint úr fataklefa, yngri deildir með útgengi af deild (deila fataklefa) |
|--|--|--|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

## Ytra mat

HR Monitor gerði könnun snemma árs 2022.

Starfsfólk fékk spurningalista í tölvupósti.

Mikil starfsánægja er meðal okkar starfsfólks og það kom á óvart eftir allt covid ástandið. Það var líka gleðiefni að þjálfun og þróun stóð í stað svo það virkaði að halda úti HighScope síðu á Workplace og setja þar inn efni sem fólk gat nálgast þegar Íris gat ekki farið á milli deilda til að þjálfu og kenna.



Lægsta skorið okkar og það eina gula er þátturinn Skýr framtíðarsýn þar sem spurt er um endurmat frá næsta yfirmanni. Okkar verkefni í fyrra var að efla deildarstjórana og gera þá ábyrgari fyrir sínum deildum, það virðist vera það sem við þurfum að bæta einna helst. Það verða einhverjar breytingar á deildastjórastöðum í haust og við munum skoða námskeið fyrir deildarstjóra, handleiðslu og aukna HighScope þjálfun með áherslu á stuðning, samvinnu og endurgjöf.

| Umbótaáætlun/<br>Matspáttur                                       | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                     | Ábyrgð                                                                                               | Hefst        | Lokið                                        | Hvernig og<br>hvenær<br>metið/aðferðir?                                                                                          | Viðmið um<br>árangur                                                                                                                                                                          |
|-------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------|----------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Textann í þessari línu<br>má taka út, aðeins til<br>leiðbeiningar | Hvernig framkvæmum<br>við það?                                                             | Hver ber ábyrgð,<br>Hver framkvæmir                                                                  |              |                                              | Hvaða aðferðir á að<br>nota?<br>(könnun, rýnihópur,<br>safna gögnum)                                                             | Viðmið er<br>gæðalýsing og<br>/eða mælikvarði<br>sem stuðst er við<br>til að meta hversu<br>vel tókst að ná<br>markmiði.                                                                      |
| Efla<br>deildarstjóra                                             | Nýta<br>deildarstjóra-<br>fundi í aukna<br>fræðslu og<br>innlögn og hafa<br>þá markvissari | Soffía                                                                                               | Ágúst<br>’22 | Des<br>’23                                   | Matsblað,<br>spurningalisti,<br>viðtöl                                                                                           | Sjálfstæðari<br>deildarstjórar<br>og ábyrgari                                                                                                                                                 |
|                                                                   |                                                                                            |                                                                                                      |              |                                              |                                                                                                                                  |                                                                                                                                                                                               |
| Uppeldis- og<br>menntastarf                                       |                                                                                            |                                                                                                      |              |                                              |                                                                                                                                  |                                                                                                                                                                                               |
| HighScope<br>innlögn                                              | Gera stutt<br>myndbönd, taka<br>upp ca 20 mín<br>fyrirlestra                               | Íris<br>Deildarstjórar<br>sjá til þess að<br>þeirra<br>starfsfólk fái<br>tíma til að<br>horfa/hlusta | Sep<br>’22   | Des<br>’22<br>Metið<br>og<br>endur-<br>metið | Setja á<br>Workplace til að<br>starfsfólk geti<br>horft í<br>undirbúningstíma<br>Eða gera lokað<br>svæði fyrir þessi<br>myndbönd | PQA listinn,<br>athuganir og<br>viðtöl<br>Að öll hafi<br>aðgang að<br>þessu efni<br>þegar þeim<br>hentar – t.d.<br>ef fólk missir<br>af starfsdegi<br>þá geti það<br>nalgast þessa<br>fræðslu |



|                               |                                                                                                                                                                                                                                                                 |                      |          |          |                                                                                                                |                                                                                           |
|-------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|----------|----------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------|
|                               |                                                                                                                                                                                                                                                                 |                      |          |          |                                                                                                                | þegar þeim hentar                                                                         |
| Mannauður/<br>Leikskólabragur |                                                                                                                                                                                                                                                                 |                      |          |          |                                                                                                                |                                                                                           |
| Reglur og umgengi             | Starfsdagur þar sem farið er yfir hvernig við viljum hafa kaffistofuna – af hverju sum velja að nota hana aldrei og hvað væri hægt að bæta þar – hvað má og hvað má ekki þar<br>Mörg byrjuðu í covid, fundu sér sína staði í húsinu og koma ekki á kaffistofuna | Soffía, við öll      | Sept '22 | feb '23  | Umræður á starfsdögum – í sept og feb<br>Skrá það sem kemur fram í sept og vinna út frá því<br>Endurmeta í feb | Bætt umgengi um húsið og sameiginleg svæði<br>Eru öll að nota kaffistofuna?               |
| Innra mat                     |                                                                                                                                                                                                                                                                 |                      |          |          |                                                                                                                |                                                                                           |
| PQA<br>Matartímar             | Börnin fá tíma og rými til að skammta sér sjálf, fá fleiri og viðráðanlegri áhöld og minna starfsfólk á að vera ekki að                                                                                                                                         | Íris, deildarstjórar | Ágú '22  | Mars '23 | Skor 5 í kaflanum um matartíma í PQA – Börnin gera sjálf (hella, sækja, skila, skammta, þurrka osfrv...)       | Að börnin verði sjálfstæðari við matarborðið – geri sem mest sjálf (það sem þau ráða við) |



|            | þjónusta heldur<br>hvetja og styðja                                                                                     |             |             |            |                                           |                                                                                                                                                                                                                           |
|------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------|-------------|------------|-------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Skiptingar | Nota<br>hugmyndablaðið<br>sem Íris hefur<br>tekið saman,<br>nýta áhuga<br>barnanna og<br>það sem er<br>vinsælt hjá þeim | Deildin öll | Sept<br>'22 | Jan<br>'23 | PQA listinn –<br>kaflinn um<br>skiptingar | Að börnin<br>hafi val í<br>skiptingum,<br>að gefa<br>viðvörðun<br>áður en<br>skiptingar<br>eiga sér stað,<br>hægt að<br>byrja þótt öll<br>séu ekki<br>komin,<br>skipuleggja<br>skiptingar<br>Ná amk 4,5 í<br>þessum kafla |

### 3 Innra mat Dvergaberg

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR                                 | Tækifæri til umbóta                                                                                                                                                                                        | Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                      | Ábyrgð                           | Hefst   | Lokið   | Hvernig metið/aðferðir?                                                                                                                                                                                                         | Viðmið um árangur                                                                                          |
|-------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------|---------|---------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt?                                                                                                                                                                                       | Hvernig framkvæmum við það?                                                                                                                                                              | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir |         |         | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)                                                                                                                                                                     | Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.      |
| Hópastarf                                                   | Fjölbreytni í hópastarfi – það hefur lagast mikið, mikið. Í hverri viku er einhvað Meira en bara plast! Meira málað, sallað og Meira lagt í hópastarfið Meira talað við börnin meðan á hópastarfi stendur. | Nota undirbúnin gstíma til að skoða bækur um hópastarf og fá hugmyndir, nýta hefti frá Írisi, fara á milli deilda og fá hugmyndir, nýta skráningar frá því sl. vetur (alltaf sami aldur) | Öll á deildi nni                 | Okt '22 | Apr '23 | Höfum ekki verið duglegar að skrá ítarlega hvað við gerum að gera/lykilreynsluþættina. En höfum alltaf skráð hvað verið er að gera. Búið að skrá hvað á að gera þessa vikuna, það hjálpar til þegar það þarf að koma afleysing. | Skrá allt hópastarf og skoða um áramót hversu fjölbreyttan efnivið við höfum verið að nota í hópastarfinu. |



|                  |                                                                                                                                 |                                                                         |                  |         |         |                                            |                                                                        |
|------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------|------------------|---------|---------|--------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------|
| Fataklefinn      | Taka færri börn í einu í fataklefann – ekki fleiri en 3 ef það er 1 kennari og ekki fleiri en 5 ef það fara tveir kennarar fram | Börnin fá meiri tíma til að gera sjálf, sérstaklega þegar við komum inn | Öll á deild-inni | sep '22 | Vor '23 | Skrá hvað börnin gera, hvað þau geta sjálf | Að börnin fá tíma til að klæða sig í og úr og ganga frá fötunum sínum. |
| Skilaboða skjóða | Samræma myndir                                                                                                                  | Skoða bókina um Skilaboða-skjóðuna og myndir á HighScope síðunni        | Öll á deild-inni | Sep '22 | Vor '23 | Þátttaka barna í skilaboða-skjóðunni       | Metum hvort börnin taki þátt í skilaboða-skjóðunni og skilji hana      |
|                  |                                                                                                                                 |                                                                         |                  |         |         |                                            |                                                                        |

#### Frá síðasta ári:

Í síðustu áætlun vildum við auka fjölbreytni í hópastarfi og það tókst að ákveðnu marki. Við erum farnar að nota fjölbreyttari efnivið, meira sull og subbulegur efniviður í stað þess að grípa bara í plast dót sem er til á deildinni. Okkur langar að bæta okkur enn frekar í að skrá hvaða þætti við erum að örva og styrkja með hópastarfinu og skrá þá við það sem við gerum í hópastarfi.

Við deilum fataklefa með 2 öðrum deildum og það skapast oft mikið öngþveiti þegar öll eru að klæða sig í einu og við viljum breyta því og sjáum tækifæri til umbóta þar. Með því að taka færri börn í einu er hægt að veita þeim betri tíma til að gera sjálf og ýta þannig undir sjálfstæði og sjálfshjálp.

## 4 Innra mat Álfasteinn

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR                                       | Tækifæri<br>til umbóta   | Aðgerðir til<br>umbóta                                                             | Ábyrgð                                    | Hefst      | Lokið      | Hvernig<br>metið/aðferðir?                                           | Viðmið um<br>árangur                                                                                                           |
|-------------------------------------------------------------------|--------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------|------------|------------|----------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Textann í þessari línu<br>má taka út, aðeins til<br>leiðbeiningar | Að hverju er<br>stefnt?  | Hvernig<br>framkvæmum<br>við það?                                                  | Hver ber<br>ábyrgð,<br>Hver<br>framkvæmir |            |            | Hvaða aðferðir á að<br>nota?<br>(könnun, rýnihópur,<br>safna gögnum) | Viðmið er<br>gæðalýsing og<br>/eða<br>mælikvarði<br>sem stuðst er<br>við til að meta<br>hversu vel tókst<br>að ná<br>markmiði. |
| Skilaboðaskjóða                                                   | Auka<br>fjölbreytni      | Taka hana<br>niður<br>þegar við<br>förum yfir<br>hana, gera<br>hana<br>skilvirkari | Öll á<br>deildinni                        | Maí<br>'22 | Maí<br>'23 |                                                                      |                                                                                                                                |
| Hópastarf                                                         | Auka<br>fjölbreytni      | Skipuleggja<br>okkur<br>fyrirfram ,<br>nýta<br>skráningar                          | Öll á<br>deildinni                        | Maí<br>'22 | Des<br>'22 | Dagleg skráning<br>á hópastarfi –<br>efnivið                         | Fara yfir og<br>bera<br>saman<br>skráningar<br>hópstjóra<br>til að sjá<br>fjölbreytni<br>á efnivið<br>og fá<br>hugmyndir       |
| Tími eftir hvíld                                                  | Hafa fleiri<br>möguleika | Auka<br>efnivið, liti,<br>púsl ofl.<br>Fleiri<br>svæði                             | Öll á<br>deildinni                        | Maí<br>'22 | Des<br>'22 | Skrá svæði og<br>efnivið                                             |                                                                                                                                |



### **Frá síðasta ári:**

Við tókum upp Skilaboðaskjóðuna og starfsfólk lærði að gera hana og nota. Það gekk vel að gera hana þannig að hún hæfi börnunum og eftir því sem þau eldast þurfum við að auka fjölbreytnina.

Við bættum okkur líka í hópastarfi, fórum að hafa það daglega og undirbúa okkur betur fyrir það.

Okkur gekk vel að finna verkefni við hæfi barnanna og núna þurfum við að auka fjölbreytni og skráningu.

## 5 Innra mat Drekaðyngja

| UMBÓTAPÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR                                       | Tækifæri til<br>umbóta                              | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                             | Ábyrgð                                   | Hefst            | Lokið      | Hvernig<br>metið/aðferðir?                                                               | Viðmið um<br>árangur                                                                                                     |
|-------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------|------------------|------------|------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Textann í þessari línu<br>má taka út, aðeins til<br>leiðbeiningar | Að hverju er<br>stefnt?                             | Hvernig<br>framkvæmum við<br>það?                                                                                                  | Hver ber ábyrgð,<br>Hver framkvæmir      |                  |            | Hvaða aðferðir á að<br>nota?<br>(könnun, rýnihópur,<br>safna gögnum)                     | Viðmið er<br>gæðalýsing og /eða<br>mælikvarði sem<br>stuðst er við til að<br>meta hversu vel<br>tókst að ná<br>markmiði. |
| Val                                                               | Gera það<br>fjölbreyttara<br>og<br>markvissara      | Nýta<br>deildarfundir<br>og<br>undirbúning<br>til að útbúa<br>efnivið fyrir<br>val, kíkjá á<br>aðrar deildar<br>og fá<br>hugmyndir | Öll á<br>deildinni                       | September<br>’22 | Des<br>’22 | Skrá í heftið um<br>daglega þætti<br>þær aðferðir<br>sem voru<br>notaðar til að<br>velja | Fara yfir heftið<br>á<br>deildarfundum                                                                                   |
| Rifja upp                                                         | Innleiða í<br>janúar                                | Fyrsti<br>deildarfundur<br>e áramót fer í<br>að kynna<br>Rifja upp –<br>aðferð og<br>efniviður                                     | Deildarstjóri,<br>Íris og<br>hópastjórar | Jan ’23          | Maí<br>’23 | Skrá þær<br>aðferðir sem<br>eru notaðar til<br>að rifja upp                              | Fara yfir<br>skráningar<br>heftið á<br>deildarfundum                                                                     |
| Hvöld frammi                                                      | Breyta<br>henni eftir<br>þörfum<br>barnanna<br>ekki | Nýta<br>deildarfundir<br>betur til að<br>fara yfir<br>stöðuna og<br>upplifun                                                       | Deildarstjóri                            | Haut ’22         | Maí<br>’23 | Deildarfundir<br>þar sem farið er<br>yfir þau börn<br>sem eru í hvöld<br>inni og frammi  |                                                                                                                          |



|  |                             |                                                                |  |  |  |  |  |
|--|-----------------------------|----------------------------------------------------------------|--|--|--|--|--|
|  | starfsfólks<br>og kaffitíma | okkar af<br>hvíldinni og<br>hverjar þarfir<br>barnanna<br>eru. |  |  |  |  |  |
|  |                             |                                                                |  |  |  |  |  |

#### Frá síðasta ári:

Við fórum yfir skilaboðaskjóðuna og núna eru allir kennarar með á hreinu hvað á að fara á skilaboðaskjóðuna og hvernig á að kynna hana.

Við fórum yfir allan efniviðinn okkar, flokkuðum og merktum og hann er núna aðgengilegri og auðvelt að finna það sem vantar.

Við nýttum starfsdag í deildarvinnu, tiltekt og að merkja hillur og kassa svo merkingar eru komnar á sinn stað.

## 6 Innra mat Tröllahellir

| UMBÓTAÞÁTTUR                                                | Tækifæri til umbóta                         | Aðgerðir til umbóta                                                                                                                                                                                                                                                           | Ábyrgð                           | Hefst   | Lokið   | Hvernig metið/aðferðir?                                                                                                                              | Viðmið um árangur                                                                                     |
|-------------------------------------------------------------|---------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------|---------|---------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar | Að hverju er stefnt?                        | Hvernig framkvæmum við það?                                                                                                                                                                                                                                                   | Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir |         |         | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)                                                                                          | Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| Fatklefi                                                    | Að börnin verði sjálfstæðari í fataklefanum | Færri börn í fataklefan í einu – Byrja á að aðstoða þau sem gleyma sér og fara að hlaupa/trufla aðra. Búa til rólegra umhverfi þar og gera það spennandi/skemmtilegt að klæða sig með fjölbreyttum leiðum (slökkviliðsbuxur, láta sokka fara í gegnum göng, ofurhetjur osfrv) | Hópstjórar hvers hóps            | Maí '22 | Sep '22 | Endurmat á deildarfundum. Skrá niður hvað börnin geta núna og svo hvað þau geta við endurmatið. Og ekki bara hvað þau geta heldur líka hvað þau gera | Sjálfstæðari börn – betra andrúmsli oft og börnin hafa áhuga á að klæða sig sem mest sjálf.           |



|                 |                                                                                                                                              |                                                                                                                                                                                                                                                            |                 |          |                                                                                                                       |                                                                                                                           |                                                                                                                                     |
|-----------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------|----------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                 |                                                                                                                                              | Raða hólfum barna eftir hópum svo kennari hafi yfirsýn yfir sinn hóp. Oft þarf ekki að gera fyrir börn heldur þarf að tala þau í gegnum þetta, fá athygli og eiga maður á mann samskipti á meðan þau klæða sig.                                            |                 |          |                                                                                                                       |                                                                                                                           |                                                                                                                                     |
